



22. stjórnarfundur LH

13. janúar 2017 kl. 9:00 á Hótel Örk, Hveragerði

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson, Jóna Dís Bragadóttir, Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson, Helga B. Helgadóttir, Ólafur Þórisson úr aðalstjórn. Ingimar Ingimarsson, Stefán G. Ármannsson, Sóley Margeirsdóttir úr varastjórn.
Fjarverandi: Eyþór Gíslason úr aðalstjórn og Magnús Benediktsson og Rúnar Bragason úr varastjórn.

1. Samþykktir fundargerða

Samþykktar voru fundargerðir 16. fundar, 20. og 21. fundar.

2. 4x4 fjarskipti

LH sér sér ekki hag í því að taka þátt í uppbyggingu fjarskipta á hálendinu.

3. Afrekshópur

Páll Bragi Hólmarsson gaf ekki kost á sér áfram sem umsjónarmaður afrekshópsins. Honum eru þökkuð góð störf í þágu hópsins á liðnum misserum.

Búið er að ráða Arnar Bjarka Sigurðarson til að hafa umsjón með hópnum og er hann boðinn velkominn til starfa.

24 sóttu um í hópinn og er Arnar Bjarki Sigurðarson að fara yfir umsóknir. Samningur er í vinnslu við hann sem „yfirþjálfara“. Einnig er búið að vera að vinna í samningi við þátttakendur í hópnum. Dagskrá tímabilsins verður lögð fyrir í heild sinni á fyrsta fundi hópsins. Fyrirkomulagið verður svipað og síðast, eitthvað færri þátttakendur verða núna en aldur umsækjanda er 16-21 árs. Huga þarf að því að tengja afrekshópin við landsliðsnefndina.

SGÁ spyr hvort þátttakendur hafi verið dugleg að mæta.

HBH og JDB svara því til að það hafi vantað upp á það og núna verði hnykk á því og fleiri atriðum sem komu m.a. frá Páli Braga eftir síðasta tímabil.

4. Hestadagar

Kostnaður við Hestadaga 2017 var um 1100 þúsund. Horses of Iceland verkefnið greiðir um helming þeirrar upphæðar. Skoða þarf vel hvort hægt er að fá styrk frá borginni til þessa verkefnis árið 2018 og lækka þar með kostnað við umferðarstjórnun og þrif í borginni (550.000 kr. 2017). HKG og Óþ.

5. Skógarhólar – hestaleiga

Aðili hefur sótt um að fá að hafa hestaleigu á Skógarhólum.

HBH – óskar eftir því að málefni Skógarhóla verði skoðuð í heild. Uppgjör síðustu ára verði skoðuð, hollvinasamtökin verði stofnuð o.fl.

Óþ – þarf að athuga hagabeit á svæðinu. Varðandi rekstur Skógarhóla, leggur endurskoðandi til að færa rekstur alfarið yfir á kennitölu þess félags.

AMP – er tímabært að stofna Skógarhólanefnd?

JDB – Hollvinasamtök, hlutverk þeirra samtaka? Hvað er á dagskrá? Hvaða endurbætur/viðhald þarf að fara í á Skógarhólum?

Athuga þarf hvort leyfi fyrir starfsemi hestaleigu fáið í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Skrifstofa.



LÁH og SGÁ skoða allar hliðar á þessum máli.

6. Þingskjöl – staða

- a. Þingskjál 5a er ekki komið inn í lög og reglur. Þarf að setja inn. HKG.
- b. Þingskjál 7 – er í millipinganevnd, LÁH, ÁH úr keppnisnevnd og Ólafur Haraldsson úr laganevnd sitja í nefndinni.
- c. Þingskjál 12 – æskulýðsnevnd var falið að koma með hugmynd að áhugaverðri keppni fyrir pollaflokk. Ekki búið að vinna, æsk fer í málið.
- d. Þingskjál 15a – leiðbeiningar fyrir mótshaldara. Er í vinnslu. AMP og HKG.
- e. Þingskjál 17a – Járningamannafélagið, ítreka svar og niðurstöðu frá þeim, HKG.
- f. Þingskjál 18a – Kostnaður við uppbyggingu reiðleiða. Vinnuhópur var stofnaður á reiðvegaráðstefnunni sem haldin var í haust. Sá hópur er hugsaður sem þrýstihópur og þetta er farið af stað í þeim hópi. HS heldur utan um samskiptin við þennan hóp.
- g. Þingskjál 19a – samþykkt var að æskilegt væri að Íslandsmót yngri flokka væru WR mót. Einnig var samþykkt að á þeim mótum yrði keppt í T1, V1, F1, T2, í hringvallargreinum þ.e. í þeim greinum þar sem keppendur ríða einir inná vellinum í forkeppni. ATH, kalla þarf eftir viðbrögðum frá keppnisnevnd LH vegna þessa. HKG.
- h. Þingskjál 24 – Um félagaskipti. Skerpa þarf á þessum lögum. Var vísað til laganevndar. Senda þarf frá okkur fréttatilkynningu um að mánuði fyrir mót, þarf að skipta um félag mánuði fyrir mót. SM segir frá því að laganevnd hafi þegar unnið mikið í þessu og málið sé í góðu ferli.
- i. Þingskjál 30 – setja á lista til mótshaldara, hvetja til að bjóða uppá 3. flokk og léttari greinar.
- j. Þingskjál 31 – Siðareglur dómarafélaganna. Ítreka svör, viðbrögð þeirra. HKG.
- k. Þingskjál 33 – Kröfur um mótssvæði. Vísað til mannvirkjanevndar. Ítreka svör. HKG.
- l. Þingskjál 35 – Öryggistákn á hestamenn til auðkenningar á óvana knapa eða riðið er á lítið tömdum hestum. Búa til/hanna mynd af borða og senda út tilkynningu þess efnis, að ef áhugi er fyrir því að fá slíkan borða eða hlíf yfir hjálminn, hafi viðkomandi félag samband við skrifstofu LH. HKG.
- m. Þingskjál 40 – Tímalengd dómgæslu og fjölda dómara vs. fjölda skráninga WR móta. Ítreka við HÍDÍ og GDLH. HKG.

7. Samantekt frá formannafundi

- a. ÓP – rekstur reiðhalla, mjög misjafnar aðferðir. Árgjöld félaga eru gríðarlega misjöfn, 5.000-12.000 krónur. Virðist vera í góðum farvegi hjá flestum félögum. Helsta ábendingin frá okkur var að gera þjónustu- eða rekstrarsamninga við sín sveitarfélög og horfa til annara íþróttafélaga í sínu sveitarfélagi.
- b. AMP – varðandi reiðhallir er góð ábending til hestamannafélaganna að fá beinan styrk frá sínu sveitarfélagi v/fasteignagjalda.
- c. HB – hvetja félögin til að gera stefnumótun fyrir félögin sín.
- d. HBH – æskulýðsfulltrúar. Alvar kynnti „Sýnum karakter“ verkefnið og hvernig mætti nýta það í íþróttafélögum. Nýliðum í hestamennsku... sjá punkta úr fundargerð formannafundar.



HBH og SM töluðu um að vinna hefði gengið vel, verið gagnleg og ljóst að fólk þarf mikið að spjalla og ræða málin. Æskulýðsfulltrúar óskuðu eftir vettvangi til að hittast og finnst mikilvægt að koma saman, skiptast á hugmyndum og fá að vita hvernig t.d. nýliðun gengur annars staðar, í skólum o.fl.

- e. Menntamál – athuga stöðu knapamerkja í skólum.
- f. Félögin – spurning um að kalla eftir ársskýrslu frá öllum félögum, þar sem fram kemur samantekt á starfinu, athugasemdir til LH og fleira sem brennur á formönnum eða stjórnnum félaga.
- g. LÁH – Formenn. Margskonar útfærslur eru á hestamennsku í skólum og er rétt að kalla eftir skriflegum útfærslum frá félögum og setja á heimasíðuna þannig að aðrir geti notað sér þær vinnuaðferðir sem eru í gangi. Mikill áhugi er á meðal formanna um að efla þennan þátt í starfinu til að auka nýliðun. Félögin eru með nokkrar aðferðir til að efla og hvetja félagsmenn til starfa. Algengt er að halda grillveislur fyrir nefndarfólk ofl.

Nánari punktar eru í fundargerð formannafundar.

8. Til kynningar:

- a. **Stofnverndarsjóður**
Landsmót hestamanna ehf. fékk 4 milljónir króna úr sjóðnum í verkefnið: „Landsmóts myndefndi – kaup og vinnsla á myndefni fyrri Landsmót og vistun í WorldFEng.“
- b. **LM2016**
Fundur í Skagafirði þar sem farið verður yfir könnun sem framkvæmd var á mótinu, auk þess sem framkvæmdastjóri fer yfir stöðuna. Fundur haldinn í samvinnu við Hólaskóla, Skagfirðing og Sveitafélagið Skagafjörð.
- c. **Stefán Pálsson fyrrverandi formaður LH**
Stefán lést þann 2. janúar s.l. Útför Stefáns fór fram frá Hallgrímskirkju 12. janúar og var viðhafnarfáni sambandsins í kirkjunni við þá athöfn. LH sendi fjölskyldunni samúðarkveðjur sínar í skeyti.
- d. **Verkefnastjórn LM2020**
Christiane L. Bahner - Fulltrúi Rangárþings eystra
Hulda Karlsdóttir - Fulltrúi Rangárþings ytra
Brynja Jóna Jónasdóttir - Fulltrúi Ásahrepps
Gunnar K. Eiríksson - Fulltrúi LM
Vilborg Smáradóttir - Fulltrúi Rangárbakka
Jakob Björgvin Jakobsson - Fulltrúi Rangárbakka
Eiríkur Vilhelm Sigurðarson - Fulltrúi Rangárbakka, formaður

9. Önnur mál

- a. Trec nefndin – reglurnar eru til í LH. Þarf að birta þær á vefnum okkar og fá nefndina saman.
- b. Gátlistar félaga fyrir landsþing. Laganefnd er með þetta mál. Þurfum að fylgjast með því og vinna með þeim.



- c. Öryggisnefnd, endurvekja hana. „Klárir knapar“ – fá Lífland í samstarf við okkur, happdrætti á viðburðum, gefa hjálma. Þórdís Erla Gunnarsdóttir hefur samþykkt að afhenda öryggisnefnd LH verkefnið, til frekari eflingar á hjálmanotkun í hestamennskunni. AMP.
- d. Heimur hestsins – senda þarf bókina heimur hestsins á öll börn fædd 2006 og eru skráð í hestamannafélag. Finna þarf leiðir til frekari kynningar og útbreiðslu bókarinnar.

*Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:10.
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.*